

FUNDARGERÐ

118. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 13. janúar 2009 kl. 12⁰⁰–13⁴⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður
Bryndís Skúladóttir (BS)
Ögmundur Einarsson (ÖE)
Már Karlsson (MK), fundarritari.
Fjarverandi: Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG)

Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)
Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.

1. Fundargerð

Lögð fram fundargerð síðasta fundar (117. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum..

2. Fundaáætlun

Lögð fram fundaáætlun fram að sumarfrí þar sem gert er ráð fyrir fundum með þriggja vikna millibili.

Samþykkt.

3. Nýting hjólbarðakurls á urðunarstað

Lagt fram afrit af bréfi frá Sorpu þar sem óskað er eftir verðhugmyndum verktaka við að losa sig við og með því leggja Sorpu til kurlaða hjólbarða til nýtingar á urðunarstað í Álfsnesi.

4. Rekstraráætlun

Fyrir lá bréf ráðuneytisins varðandi rekstraráætlun 2009. Á fundinum var farið yfir áætlunina.

Rekstraráætlun fyrir árið 2009 samþykkt.

5. Stefnumótun

Rætt var um nauðsyn þess að að endurskoða stefnumótun sjóðsins.

Samþykkt að fara yfir stefnu og markmið sjóðsins á sérstökum fundi í febrúar.

6. Þjónustuaðili

Sigurður Kristjánsson, Stöng, Skútustaðahreppi óskar eftir að gerast þjónustuaðili með hjólbarða.

Samþykkt.

7. Önnur mál

Engin.

Næsti fundur áformaður [þriðjudaginn 3. feb. kl. 12:00](#) á skrifstofu Úrvinnslusjóðs.

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs